



UMSÖGN

Viðtakandi: **Utanríkismálanefnd Alþingis**

Sendandi: **Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins**

Dagsetning: **09.11.2020**

Efni: **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39/1971, með síðari breytingum (skipun embættismanna o.fl.), þingskjal 19 — 19. mál.**

Þann 21. október 2020 barst félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) umsagnarbeiðni frá utanríkismálanefnda Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um utanríkisþjónustu Íslands (skipun embættismanna o.fl.). Frestur til umsagnar var veittur til 11. nóvember 2020. Þann 28. maí 2020 sendi félagið umsögn til nefndarinnar um sama frumvarp.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákveðnum þáttum laga um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39/1971. Helstu breytingarnar fela í sér að sett verði þak á fjölda sendiherra á hverjum tíma, þær stöður verði auglýstar og hæfniskröfur tilgreindar líkt og á við um aðrar stöður embættismanna. Þá verði ráðherra heimilt að skipa tímabundið í embætti sendiherra og sérstaka erindreka til fimm ára að hámarki og er sá fjöldi takmarkaður. Loks verði ráðherra heimilt að setja tímabundið sem sendiherra og skrifstofustjóra þá sem nú gegna stöðu sendifulltrúa í utanríkisþjónustunni. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir aðkomu hæfnisnefnda hvað varðar þær skipanir.

Félagið fagnar þeim breytingum sem nefndin hefur gert á frumvarpinu, þ.e. varðandi skipun hæfnisnefndar sem væri ráðherra til ráðgjafar við skipan sendiherra og telur það mjög til bóta. Félagið telur þó jafnframt að hlutfallstakmörkunum þeim sem gert er ráð fyrir að verði beitt, bæði hvað varðar hefðbundna skipun sendiherra og tímabundnar skipanir þeirra í embætti sendiherra og skrifstofustjóra skjóti skökku við þar sem það á sér engin fordæmi í íslenskri stjórnsýslu.

Utanríkisráðherra er ætíð bundinn af því svigrúmi sem markast af annars vegar skipulagi og umfangi utanríkisþjónustunnar á hverjum tíma, og hins vegar þeim fjárhagslega ramma sem ráðuneytinu og málaflokkum þess er markað samkvæmt fjárlögum. Ef ástæða er til að taka upp nýstárlegri hætti vaðrandi skipan og takmörkun á fjölda embættismanna á hverjum tíma innan stjórnsýslunnar er réttara, frá sjónarhóli íslenskrar stjórnskipunar, að slíkt eigi sér stað innan ramma laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (70/1996). Ekki er að sjá að fullnægjandi rök liggi að baki þessum hlutfallstakmörkunum, þó jákvætt sé að til standi að setja takmörk við fjölda og tímalengd skipana utanaðkomandi aðila án auglýsingar í embætti sendiherra.

FHSS telur jafnframt að eðlilegt að hæfnisnefndir komi að skipun tímabundinna sendiherra og skrifstofustjóra úr röðum sendifulltrúa. Þó að um tímabundna skipun sé að ræða er það ekki

fullnægjandi tilefni til að víkja frá almennum kröfum til skipana í slík embætti skv. lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Félagið hvetur nefndina til að taka ofangreind atriði frumvarpsins til frekari skoðunar. Að öðru leyti vísar félagið í fyrrnefnda umsögn félagsins frá 28. maí 2020.